

Alpýðan og atvinnulífið

Félaglegt framtak á Eskifirði 1925 til 1937

HELGI SKÚLI KJARTANSSON, fyrrv. prófessor

ÚTDRÁTTUR: Rakin er atvinnusaga Eskifjarðar á millistríðsárunum, einkum frá 1925 til 1937. Hún birtir óvenju skýrt dæmi um hinn almenna rekstrarvanda sjávarútvegsins sem í senn glímdi við skuldabyrði, ósjálfbæra vegna óhæfilegra raunvaxta, og við endurtekin áföll af ýmsu tagi, ekki síst eftir að heimskreppan skall á. Dæmi Eskfirðinga sýnir líka óvenju margvísleg úrræði sem gripið var til í atvinnumálum, mest fyrir forgöngu sveitarfélagsins, verkamannafélagsins og Landsbankaútibúsins og jafnan í anda félagshyggju eða vinstri afla.

LYKILORÐ: Eskifjörður – millistríðsár – atvinnusaga – félagshyggja – samvinnuhreyfing – verkalýðshreyfing – bankaþjónusta

ABSTRACT: Throughout the inter-war period Icelandic fishing industry faced a constant struggle with unsustainable debt as well as repeated external shocks. The article focuses on a particularly hard-hit fishing village, Eskifjörður in Eastern Iceland, and its heroic attempts, largely lead by the local bank filial as well as its labour and co-operative movements, to reverse the inexorable decline of its fishing industry.

KEYWORDS: An Eastern Iceland fishing village – inter-war industrial strategies – left-wing local politics – co-operation – organised labour – banking services

Inngangur

Eskifjörður millistríðsáranna var sjávarþorp af miðlungsstærð, verslunarmiðstöð aðeins fyrir takmarkaða sveitabyggð, atvinnan mest háð sjósókn og fiskverkun. Staðurinn var því mjög berskjaldaður fyrir þeim áföllum sem steðjuðu að sjávarútveginum, ekki síst verkun og útflutningi saltfisks, ekki aðeins á kreppuárunum eftir 1930 heldur einnig á þriðja áratugnum. Atvinnusaga Eskifjarðar, sem er tiltölulega vel rannsökuð, er að því leyti dæmigerð fyrir brýnasta *byggðavanda* Íslands á þessu skeiði.

Í vissum atriðum virðist þó reynsla Eskfirðinga meira en dæmigerð. Fátækt og atvinnuleysi varð óvída eins þrálátt, svo að árum saman má tala um *neyðarástand* í byggðarlaginu. Hve mjög vald og

ábyrgð á atvinnulífi staðarins færðist í heldur eins *bankaútibús* var væntanlega ekki einsdæmi en þó varla algengt. Einnig virðist sérstakt, og býsna athyglisvert, hve *fjölbreyttra úrræða* Eskifirðingar leituðu í baráttu sinni við hnignun útgerðar og vaxandi atvinnuleysi. Þar gætti ekki síst áhrifa öflugrar *verkalýðshreyfingar* og *vinstriflokka* og viðleitni til samstöðu *félagshyggjuafla*.

Hér verður þessi saga rakin, einkum á árabílinu 1925 til 1937. Greinin er í frásagnarsniði, atburðir raktir eftir heimildum, rannsóknarspurning ekki skilgreind fyrirfram heldur leitað svara við spurningum sem kvikna eftir því sem atburðarásinni vindur fram, og þá ekki út frá neinum fyrirfram völdum kenningum. Nálgunin er þannig lýsandi fremur en greinandi þó reynt sé, þegar ástæða er til, að rökstyðja ályktanir og túlkun heimilda. Heimildakönnun er ekki tæmandi heldur bundin við auðfundnar útgefnar heimildir. (Sem dæmi, þá vekja fiskiskýrslur Hagstofunnar spurningar sem aðeins er reynt að svara með samanburði við birt efni frá Fiskifélaginu, ekki aðgætt hvort finna megi frumskýrslur í skjalasafni Hagstofunnar.) Að því leyti má rannsóknin kallast „grunn“. Einnig er saga Eskifjarðar sums staðar borin saman við aðra staði eða tengd við landið í heild án þess að nákvæm rannsókn liggi að baki.

Þessum takmörkunum fylgir, eins og svo oft í starfi sagnfræðings, sú von að sæmilega nákvæm lýsandi rannsókn á takmörkuðu efni hafi samanburðargildi fyrir þá sem síðar rannsaka hliðstæð efni – í þessu sambandi sögu annarra byggðarlaga á sama tíma – eða almennari þætti í sögu tíma-bilsins. Og jafnvel að hún veki áhuga á að kafa enn dýpra í rannsóknarefnið, hnýta þá enda sem hér eru lausir.

Tilraun með togara

Að verkafólkið á Eskifirði, er leggur 10% af vinnulaunum sínum í Hf. „Andra“, fái að kjósa fulltrúa, einn eða fleiri, til þess að mæta á fundum félagsins, allt til þess að það hefir fengið í hendur hlutabréf fyrir 3/4 af því sem því er ætlað að leggja til félagsins.

... að samin verði lög með sérstöku tilliti til þess að Eskifjarðarhreppur hefir lagt til Hf. „Andra“ því nær 1/3 af hlutafé þess, sem fyrirskipi að í stjórn félagsins skuli eiga sæti einn maður er sé kosinn með hlutbundnum kosningum af kjósendum hreppsins án tillits til þess hvort hann á sæti í hreppsnefnd eða ekki.

(Alþýðusamband Íslands, 1928, bls. 23 – stafsetning samræmd, hér og framvegis, í orðréttum tilvitnunum)

Þessu skyldu sambandsstjórn ASÍ og þingmenn Alþýðuflokksins beita sér fyrir samkvæmt einróma samþykkt Alþýðusambandsþings 1928. Tillöguna fluttu fulltrúar verkamannafélagsins Árvakurs á Eskifirði, Jens Figved og Árni Ágústsson. Af henni má ráða að þar hafði verið stofnað hlutafélag, fjármagnað að verulegu leyti af sveitarfélaginu en jafnframt af launþegum sem áttu að fá hluta launa sinna greiddan í hlutafé þangað til náð væri vissu marki.

Ályktun ASÍ-þingsins felur ekki í sér afstöðu með eða á móti þessu framtaki en hún fer fram á breytingar á skipulagi hlutafélagsins: þar fái starfsmenn að kjósa fulltrúa á félagsfund og íbúar sveitarfélagsins fulltrúa í stjórn. (Um sögu Andrafélagsins eru hér á eftir, auk samtímaheimilda, notuð rit Smára Geirssonar 1991 og Einars Braga 1973 og 1983. Báðir styðjast þeir að hluta við Arnþór Jensen sem heimildarmann. Sjá einnig töflu 4, efni úr útgerðarskýrslum.)

Nánari lýsing á málavöxtum birtist nokkrum vikum síðar í Alþýðublaðinu og í heldur gagnrýnum tón (Hf. Andri á Eskifirði, 1928). Greinin er nafnlaus, höfundur væntanlega ritstjórinn, Haraldur Guðmundsson, en byggt á upplýsingum heimamanna, trúlega ekki síst þeirra sem sóttu ASÍ-þingið. Hér er tekið undir kröfur ASÍ-þingsins en þó með athyglisverðri breytingu. Í stað þess að annars vegar „verkfólkið“ og hins vegar „kjósendur hreppsins“ kjósi fulltrúa sína, þá vill Alþýðublaðið bæta strax tveim mönnum í stjórn félagsins, *verkalýðsfélagið* kjósi annan og *hreppsnefndin* tilnefni hinn. Hér er því boðað stofnanalýðræði fremur en hið beina lýðræði ályktunarinnar.

Samkvæmt frásögn blaðsins hafði það verið álit útibússtjóra Landsbankans á Eskifirði, sem að sjálfsögðu var viðskiptabanki Andrafélagsins, að til togarakaupanna þyrfti 50 þús. króna eigið fé. Hafi tekist að safna þeirri upphæð í hlutafé eða hlutafjárloforðum, 15 þús. kr. frá hreppnum og 35 þús. frá einstaklingum. Síðan hafi verkafólk, „konur sem karlar“ (en ekki nefndir sjómenn), verið fengið til að lofa „10% af verkakaupi sínu hjá félaginu“ sem hlutafé gegn loforði um forgang að vinnu. Er áætlað að hlutafé verkafólksins geti á fimm árum numið um 35 þúsund krónum. Trúlega er það sú upphæð sem verkafólkinu „er ætlað að leggja til félagsins“ skv. ályktun ASÍ-þingsins, og væri þá hætt að draga 10% af launum er því marki væri náð. Þessi þátttaka launþega í fjármögnun félagsins er í sjálfu sér ekki gagnrýnd heldur hvernig að henni var staðið. Hlutafjárloforðum verkafólksins hafi verið safnað án vitundar verkalyðsfélagsins og telur blaðið það „líklegt til að vekja ótrú og óvild“. Þá hafi stjórn verið kjörin á stofnfundi án þess að hreppsnefndin hafi neytt atkvæðisréttar síns. „Hinir hluthafarnir“ (þeirra á meðal að vísu oddviti hreppsnefndarinnar sem Alþýðublaðið virðist telja að hafi aðeins komið fram í krafti eigin hlutafjäreignar en ekki hreppsins) hafi verið þar einráðir „og haga rekstri félagsins eins og venjulegt gróðafélag væri“. Heyrst hafi að stjórnin ætli ekki að afhenda verkafólki hlutbréf fyrr en hlutur hvers og eins sé kominn upp í 100 krónur, jafnvel að hún telji sér þá heimilt að endurgreiða tíu prósentin. En það sé „vonandi alveg tilhæfulaust“.

Af hverju vill Alþýðublaðið að verkamaður eða verkakona, sem búin er að vinna hjá félaginu fyrir þúsund krónum og fá aðeins 900 útborgaðar, fái mismuninn í hlutabréfum fremur en peningum? Tæplega af því að hlutabréfin séu líkleg til að vera meira virði í beinhörðum peningum. Ekki má líta á þau sem neina „árangurstengingu“ launa í sama skilningi og þegar kaupaukagreiðslur nútímans eru inntar af hendi í hlutabréfum, jafnvel bundnum til einhverra ára, til þess að rekstrarárangur félagsins speglist í kjörum bónusþegans. Andrafélagið var ekki stofnað í mikilli von um að hluthafar nytu arðgreiðslna, hvað þá verðhækkunar á hlutabréfunum. Árangri sínum myndi það ná með því að ná að starfa sem lengst og halda uppi sem mestri starfsemi í heimabyggðinni. Verkafólk, sem skrifaði undir samning um 10% afdrátt af launum, átti ekki að njóta árangurstengdra launa heldur „árangurs-

Tafla 1. Eskifjörður 1925–1937, fólksfjöldi og útflutningur

Ár	Fólksfjöldi í árslok (þorpið)	Vöruútflutningur frá Eskifirði	
		Í þús. króna	Hlutfall af landsútflutningi, %
1918	561		
1925	769	622	7,9
1926	812	608	11,4
1927	760	873	13,8
1928	771	1012	12,6
1929	738	702	9,5
1930	758	613	10,2
1931	754	664	13,8
1932	722	439	9,2
1933	736	384	7,4
1934	746	362	7,6
1935	742	117	2,5
1936	763	63	1,3
1937	738	97	1,7
1935	769	622	7,9
1940	680		

Heimildir: sjá viðauka.

tengdrar atvinnu“. Því var ekki lofað atvinnuöryggi – Andri myndi ekki fastráða neitt verkafólk – heldur forgangi að þeirri daglaunavinnu sem í boði yrði, og hún yrði því ríflegri sem betur tækist til um rekstur félagsins. Sú kjarabót væri þegar komin fram hvort sem hundrað krónurnar yrðu á endanum greiddar í peningum eða hlutabréfum. En Alþýðublaðið vill greinilega ekki svipta verkafólkið tækifærinu til að verða í sameiningu stór hluthafi í lykilyfirtæki staðarins. Hér ræður þá sjónarmið sem kenna má við *atvinnulýðræði*.

Svo fór þó að Andrafélagið greiddi aldrei vinnulaun í hlutabréfum. Hafi tíu prósentunum verið haldið eftir í fyrstu, sem ekki eru beinar heimildir fyrir, þá hefur félagið, þvert gegn því sem Alþýðublaðið ætlaðist til, endurgreitt þau áður en til útgáfu hlutabréfanna kom. Þess í stað bauðst verkálýðsfélaginu að kaupa lágmarkshlut í félaginu, 100 krónur, og fá þannig fulltrúa á félagsfundum – ekki stjórnarfundum. Þessi kaup fóru fram í febrúar 1929 þegar félagið hafði starfað í rúmt ár (Einar Bragi, 1983, bls. 146). Á hluthafalista er „formaður verkamannafél. „Árvakur““ skráður fyrir þessum 100 króna hlut (Smári Geirsson, 1991). Meira varð ekki úr þessari mjög sérstöku tilraun til atvinnulýðræðis í þeirri mynd að hluti vinnulauna yrði með tímanum að verulegum eignarhlut verkafólks í hlutafélagi. Menn virðast hafa tekið henni hikandi, bæði forráðamenn félagsins, sem hikuðu við að framkvæma hana, og málsvarar verkálýðshreyfingarinnar sem tóku ekki afstöðu með eða móti aðferðinni sjálfri. Ekki veit greinarhöfundur til að hliðstæðar tilraunir hafi komið til tals annars staðar.

Kreppan fyrir kreppu

Það var hvorki af stórhug né bjartsýni sem Eskifirðingar réðust í togarakaup á því herrans ári 1928. Þvert á móti var það varnarleikur í kröppu tafla um framtíð útgerðar í plássinu.

Tafla 2. Þilskipafloti Eskifjarðar (fiskiskip tólf tonna og stærri)

Ár	Botnfiskaffi	Togari (Andri)	Línuveiðarar		Vélbátar		Þar af samvinnubátar*	
	Tonn	Áhöfn	Fjöldi	Áhöfn	Fjöldi	Áhöfn	Fjöldi	Áhöfn
1925	390		1	15	3	24		
1926	257		1	16	1	4		
1927	396		2	35	1	4		
1928	1767	26	1	14	2	8		
1929	1516	30	1	16	2	8		
1930	2494	27	1	16	2	8		
1931	885	31			3**	19	1	4
1932	242		1	17	3	12	2	8
1933	512				3	12	1	4
1934	1202				6	32	4	24
1935	366				5***	20	3***	12
1936	394				5***	26		
1937	469				5***	35		

* Samvinnufélag Eskifirðinga 1931 (frá september) og 1933; „Félagsútgerð“ 1932; Kakali 1934 og 1935.

** Sleppt tveimur sem aðeins voru á síldveiðum í fjórar vikur.

*** Sleppt stærsta bátinum sem einungis var á síld yfir sumarið.

Heimild: sjá viðauka.

Á ýmsa mælikvarða hafði Eskifjörður verið uppgangspláss fram yfir miðjan áratuginn. Íbúum fór, eins og tafla 1 sýnir, fjölgandi allt til 1926. Töflur 1 og 2 sýna að visu vissan samdrátt það ár, en aðeins tímabundinn. Árið 1927, þegar nýr línuveiðari (stór gufubátur) var kominn í stað tveggja minni vélbáta, sló afli og útflutningur öll met, líka trilluafinn (Tafla 3).

Hvað var þá að? Vandinn lá í *afkomu* útgerðarinnar og þar með afkomu verslananna sem ýmist gerðu út sjálfar eða tóku útvegsmenn í viðskipti og fjármögnuðu rekstur þeirra með gjaldfresti þegar í harðbakkann sló. Verslanirnar, og útvegsmenn að hluta, sóttu rekstrarfé sitt til Landsbankans sem hafði einmitt útibú á Eskifirði. Þar söfnuðu þær skuldum uns bankinn setti þeim stólinn fyrir dyrnar, reyndar með svipuðum hætti og gerðist á fleiri útgerðarstöðum.

Einar Bragi (1973, bls. 7–9) hefur dregið upp dramatíska mynd af þessari atburðarás. „Afkoma verslananna á Eskifirði hafði frá byrjun fyrri heimsstyrjaldar verið góð flest árin,“ segir hann, þar til „um og eftir 1926“ þegar að kreppti, bæði vegna aflatregðu og verðfalls á erlendum mörkuðum, „en þar á ofan bættist vaxandi aðgangsharka lánastofnana“. Þau umskipti tengir hann við kosningar og stjórnarskipti 1927, þegar Framsóknarmenn komust til valda, og muni Jónas frá Hriflu „hafa grátið þurrum tárur þótt kaupmenn færu á hausinn: því fleiri, þeim mun betra“. Um Eskifjörð segir hann

að gengið var að kaupmönnum án allrar miskunnar, fyrirtæki þeirra tekin til gjaldprotaskipta og eignirnar seldar – oftast ef ekki ævinlega fyrir brot af matsverði. Að einu til tvemur árum liðnum var um að litast eins og risvaxinn skriðdreki hefði vaðið blindandi yfir öll helstu atvinnu- og verslunarfyrirtæki á staðnum og lagt þau í rúst.

Í raun mun þetta allt hafa átt sér töluvert lengri aðdraganda. Um það átti Einar Bragi (1983, bls. 66) sjálfur eftir að finna og birta athyglisverða heimild, einkabréf frá ágúst 1926. Á Eskifirði „stendur hagur almennings mjög illa“ enda fáist lítið fyrir fiskinn. Þar eigi „bankinn okkar“ hlut að máli, en aðkoma hans hafi „mest gengið út á að skipa kaupmönnum að gefa svo lítið fyrir fiskinn sem mögulegt er“ og að „stoppa margar stærri sjávardriftir.“ Þarna er útibú Landsbankans þegar farið að vinda ofan af skuldasöfnun útgerðarinnar, bæði við bankann sjálfan og við kaupmenn sem greinilega eru bankanum háðir. Þegar tveir af þremur vélbátum hverfa úr þorpinu 1926 (sjá töflu 2) er það væntanlega til vitnis um strangari útlánastefnu.

Tafla 3. Smábátafloti Eskifjarðar (bátar minni en 12 tonn)

Ár	Trillur		Árabátar		Þorskaflí* (tonn)
	Bátar	Áhöfn	Bátar	Áhöfn	
1925					208
1926	12	47	4	11	280
1927	10	46	1	2	524
1928	10	39	0	0	714
1929	13	49	0	0	849
1930	11	53	0	0	804
1931	12	75	0	0	649
1932	9	32	1	3	533
1933	7	23	0	0	570
1934	8	37	3	30	533
1935	6	20	2	4	233
1936	5	18	0	0	304
1937	6	20	4	12	450

* Lagt saman „þorskur“ og „smáfiskur“, sleppt því sem sum árin er gefið upp í fiskafjölda en ekki þyngd. Heimild: sjá viðauka

Enn lengri aðdraganda lýsir Jón Ívarsson, á þessum tíma kaupfélagsstjóri á Höfn í Hornafirði, þegar hann ritar minningargrein um Þorgils Ingvarsson, Landsbankamanninn sem 27 ára gamall var sendur austur á Eskifjörð sem útibússtjóri og gegndi því starfi frá 1924 til 32. Aðkomu Þorgils lýsir Jón (1973) þannig:

Verðhrunið mikla eftir heimstýrjöldina fyrri var á skollið, og árin 1921, 1922 og 1923 voru öllum hin mestu erfiðleikaár og miklu þyngri en nokkur hafði látið sig dreyma um eða búist við. Flest fyrirtæki í verslun og útgerð voru ósjálfbjarga og áttu við hinn mesta vanda að etja, sem að sjálfsögðu kom þungt við bankana, sem þá eins og jafnan höfðu fest mikið fé í þeim atvinnugreinum. Það fé reyndist oft tapað og að minnsta kosti ekki innheimtanlegt um sinn. Kom því fljótt þungur vandi á herðar hinum unga bankastjóra við að ráða fram úr erfiðleikunum, þrátt fyrir það að árin 1924–1930 væru nokkru hagstæðari ...

Samkvæmt túlkun Jóns voru það gamlar skuldir fremur en nýjar sem þeir gengu svo hart eftir, Þorgils útibússtjóri og Páll Magnússon, sjálfstætt starfandi lögfræðingur á Eskifirði sem flutti austur sama ár og Þorgils og tók gjarna að sér erfið verkefni fyrir útibúið (Einar Bragi, 1973, bls. 17). Páll var líka sá oddviti hreppsnefndar sem beitti sér fyrir stofnun Andrafélagsins og var stjórnarformaður þess alla tíð.

Skuldakreppan í íslensku atvinnulífi átti sér raunar enn eldri rætur en Jón lýsir. Mesti efnahagssamdráttur 20. aldar á Íslandi spannar árin 1914 til 1920, endaði með ósköpum í „stríðslokakreppunni“ (alþjóðlegu verðhruni, „síldarkrakkinu“, falli „fiskhringsins“), og ekki fyrr en 1926 sem hægfara hagvöxtur hafði náð aftur sama stigi og 1913. (Nánar um þetta: Helgi Skúli Kjartansson 2004, sjá heimildir þar; sjá einnig viðauka). Þrátt fyrir hagvöxt varð atvinnulífið, og einkum útflutningsframleiðslan, fyrir áföllum á þeim árum sem Jón nefnir. Það voru samt elstu áföllin sem mest munaði um. Því öllu gríðarlegir vextir sem skuldir hlóðu á sig. Um innlend vaxtakjör atvinnulífsins má miða við vixilvexti Landsbankans sem sveifluðust milli 6 og 8% á árunum 1920 til 1933. Stærri fyrirtæki skulduðu eitthvað erlendis, hugsanlega á lægri vöxtum, en ef stofnað var til skuldanna 1919 og 20 – þá var t.d. samið um endunýjun togaraflotans – þurfti að endurgreiða þær á mun óhagstæðara gengi. (gengisvísitala frá 1921 kringum 100 en hafði verið 152 og 128 árin 1919 og 20). Aðalatriðið er svo raunvextirnir. Frá verðbólgutoppi 1920 var nánast samfelld verðhjöðnun, örust þó fyrstu árin, uns vísitalan hafði lækkað um meira en helming á 11 árum (úr 421 niður í 196 árið 1931). Það þýðir hátt í 7% verðhjöðnun á ári, sem bæta má við vixilvextina og áætla raunvexti af skuldum atvinnulífsins allt að 20% í byrjun áratugarins og síðan nær 10%. Það munar um minna. Fyrirtæki sem einu sinni var orðið skuldugt, vegna áfalla í eigin rekstri eða hjá viðskiptavinum sínum, þurfti bæði mikinn hagnað og skjótan til að festast ekki í sjálfheldu óbærilegra vaxta.

Bankarnir urðu sjálfir fyrir áföllum í stríðslokakreppunni, einkum Íslandsbanki, og urðu að leita aðstoðar ríkisins um fjármögnun. Afkoma þeirra þoldi ekki miklar afskriftir auk þess sem betur leit út í bókhaldi að færa til tekna vexti af skuldum sem í raun fengjust ólíklega greiddar að fullu. Ekki máttu bankarnir heldur valda efnahagshruni með því að setja of stóran hluta atvinnulífsins í uppnám á sama tíma. En einhvern veginn varð að vinda ofan af þessari snjóhengju skulda. Það voru bankarnir byrjaðir að gera ekki seinna en 1922 ef marka má hvernig þeir ráðstöfuðu varasjóðum sínum í afskriftir. Samanlagður varasjóður og óráðstafaður hagnaður bankanna tveggja hafði numið 9,7 milljónum króna í árslok 1921, upphæð sem dróst svo saman niður í 5,5 milljónir 1923, 2,6 milljónir 1925 og ekki nema 0,2 milljónir 1927.

Í fyrstu virðast það einkum hafa verið aðalbankarnir í Reykjavík sem hertu innheimtu sína. Hjá sumum litlu útibúunum kom breytingin seinna og varð skyndilegri. Þá vakti hún líka meiri athygli, ekki síst þegar útibú beggja bankanna á Ísafirði voru samtaka um að ganga að veðum bátaútsvegsins, sem leiddi til þess að bátafloti Ísfirðinga var að miklu leyti seldur úr bænum 1927. Þá báta voru bankarnir farnir að auglýsa til sölu í ársbyrjun, löngu fyrir stjórnarskipti. Sjá t.d. Guðmund Guðmundsson (1927). Guðmundur var faðir Haralds ráðherra, ritstýrði málgagni Alþýðuflokksins á Ísafirði og ritar þar í lok janúar snarpa ádeilugrein um bátasöluna en líka um aðdragandann, hvernig Íslandsbanki „jós fé í þá sem mest lán höfðu áður fengið“ og hafi þó „lengi verið augljóst“ að starfsemi þeirra „var á beinni leið til tjóns og töpunar“.

Þótt varasjóðir bankanna væru nú horfnir í afskriftir var hreingerning lánasafnanna engan veginn

á enda. Sérstök nefnd, sem falið var að meta efnahag Landsbankans einmitt í árslok 1927, taldi eignir hans enn ofmetnar um 13%, og hjá útibúinu á Eskifirði þyrfti að afskrifa meira en þriðjung af bókfærðum eignum (Jóhannes Nordal, 2002). Þetta á við starfssvæði útibúsins, þ.e. allt Austurland, en ólíklegt virðist að staðan á Eskifirði sjálfum hafi verið betri en annars staðar.

Ólíkt hinni samræmdu leiftursókn Ísafjarðarútibúanna verður ekki séð að Austurlandsútibúin, Landsbankinn á Eskifirði og Íslandsbanki á Seyðisfirði, hafi fylgst neitt að í innheimtuaðgerðum. Það var ekki fyrr en 1929 sem Íslandsbanki lét undan pólitískum þrýstingi og tók til í útlánasafninu á Seyðisfirði, en þar rak bróðir útibússtjórans verslun sem reyndist svo skuldug að gjaldþrot hennar reið bankanum að fullu. Þótt Íslandsbanka væri ekki formlega slitíð fyrr en 1930, þá var banamein hans ekki heimskreppan heldur miklu fremur stríðslokakreppan.

Á Eskifirði reyndi Landsbankinn að stíga varlegar til jarðar, eins og lýst er í fyrrnefndri Alþýðublaðsgrein 1928 um Andraútgerðina. Höfundur hennar, væntanlega Haraldur Guðmundsson, þá þingmaður Ísafjarðar, ber saman framgöngu bankanna á Ísafirði og Eskifirði. Á báðum stöðum hafi „einstaklingsframtakið ... fengið að leika ... lausum hala“ og „braska með fé lánsstofnananna“ uns „allt strandaði“. Á Ísafirði hafi útibú bankanna verið „samhent um að selja sem mest af skipunum burtu úr bænum“ og helst litið út fyrir að þau myndu „með þessari fáheyrðu ráðstöfun ... leggja bæinn í auðn.“ Miklu mildari orðum fer hann um Landsbankann á Eskifirði. Hann nefnir ekki kaupmenn, en „þegar útgerðarmenn þar gáfust upp tók útibúið við eignum þeirra. Seldi það skipin ekki burt úr þorpinu heldur sumpart leigði og sumpart seldi, að minnsta kosti að nafninu til, þorpsbúum skipin.“ Sé það „góðra gjalda vert“ þó niðurstaðan yrði bátafloki sem bæði var „allt of lítill og of lítið notaður“ til að halda uppi atvinnu.

Svo mikið er víst að þegar Þorgils Ingvarsson tók við stjórn Landsbankans á Eskifirði 1924 hefur atvinnulíf staðarins þegar verið sokkið í skuldir og lifað af náð útibúsins sem aftur var háð fjármagni frá aðalbankanum.

Á nokkrum næstu árum hefur útibúið gert upp þessar gömlu skuldir, gengið að veðum, knúið menn í gjaldþrot, en reynt að halda starfseminni sem mest gangandi, bæði í verslun og útgerð, með því að leigja eða selja yfirteknar eignir og fjármagna rekstur þeirra að nýju, jafnvel lánað gjaldþrota kaupmönnum til að byrja aftur í smáum stíl (sjá dæmi hjá Einari Braga, 1973, bls. 9). Og auðvitað var það háð fyrirgreiðslu Landsbankans að kaupa togara í plássið.

Af birtum reikningum Landsbankans (sjá viðauka) má fá nokkra hugmynd um hag Eskifjarðarútibúsins. Á árunum 1924 og 25 afskrifaði bankinn töp á útibúinu upp á 1,7 milljónir króna, hátt í 40% af eignum þess sem aðallega voru útlán. Eignirnar drógust þó ekki saman heldur náðu hámarki 1926; þannig hefur útibúið fengið fé frá bankanum til að veita ný lán í stað hinna afskrifuðu, og vel það. Næstu þrjú ár, 1927–29, einkennast hins vegar af aðhaldi í útlánum. Afskrifað tap á útibúinu nam þá samtals 1,5 milljónum en eignir þess minnkuðu um 1,4 milljónir. Hér hafa töpin ekki verið bætt upp með nýju starfsfé frá aðalbankanum. Samt var það á þessum árum sem útibúið tók Andrafélagið í viðskipti og hefur þá ekki haft mikið aflögu handa öðrum rekstri á Eskifirði. Enda eru þetta árin sem Einar Bragi lýsti svo að „öll helstu atvinnu- og verslunarfyrirtæki“ á staðnum hafi verið lögð „í rúst“. Næstu árin, fram til 1937, er meira jafnvægi á rekstri útibúsins. Bankinn hafði aukið starfsfé þess upp í 4 milljónir 1931 sem rýrnaði smám saman niður í 3,2 milljónir 1937, nokkurn veginn í takt við afskrifuð töp sem námu kringum 200 þúsundum á ári eða 5–6% af starfsfé.

Heimskreppan og endalok Andra

Andrafélagið var stofnað í árslok 1927, keypti togarann um áramót, en virðist ekki hafa tekið formlega við rekstri hans fyrr en um miðjan mars (sjá töflu 4). Hann átti þá eftir einn túr á vetrarvertíð við Suðurland en með þann farm var siglt til heimahafnar á Eskifirði. Sami háttur var hafður á næstu árin, Andri gerður út frá Reykjavík á vetrarvertíð en síðan frá Eskifirði fram eftir vori og sótti þá á miðin við Hvalbak, a.m.k. flest árin. Í skýrslum Fiskifélagsins (Hermann Þorsteinsson, 1930) er þó fullyrt að 1929 hafi Andri aðeins landað einum farmi á Eskifirði, væntanlega þeim síðasta af

vetrarvertíð. Bæði á vetrar- og vorvertíð var „fiskað í salt“, aflinn saltaður um borð en fullverkaður í landi. Andri hefur ekki þótt henta til síldveiða og var honum því, eins og flestum togurum, lagt yfir sumarið. (Samkvæmt fiskiskýrslum Hagstofunnar, sjá töflu 4, hefði Andri átt að vera á þorskveiðum allt sumarið 1929 en það fær ekki stoð af öðrum heimildum.) Frá hausti og fram eftir vetri var svo veitt í ís og landað í Bretlandi, síðari árin líka í Þýskalandi. Gjarna var þá komið inn til Eskifjarðar að taka kol, ís og aðrar nauðsynjar, auk þess sem Andrafélagið afgreiddi aðkomutogara sem leituðu til Eskifjarðar sömu erinda.

Það sætti raunar gagnrýni hve lítið af afla Andra kom til verkunar heima á Eskifirði. Tafla 1 sýnir þó að aldrei hafði verið flutt út eins mikið frá Eskifirði og einmitt 1928, vafalaust vegna saltfisksins sem Andri landaði í heimahöfn. Breytingin milli ára er þó ólíkt meiri í töflu 2 þar sem einnig er talinn afli sem Andri landaði erlendis.

Sagt er frá útgerð Andra eins og hún hafi gengið bætilega fyrsta árið, vel 1929, og sloppið fyrir horn 1930 með því að selja Kveldúlfi á föstu verði það sem landað var í Reykjavík, áður en menn vissu í hvað stefndi um útflutningsverð á saltfiski. Ekki er þó ljóst af þeim heimildum sem hér eru notaðar hvort afkoma Andrafélagsins dugði til að standa í skilum með afborganir af skipsverðinu, 300 þúsund krónum sem átti að borga upp á sex árum. Ætlast var til að hlutafé dygði fyrir fyrstu greiðsluni, 50 þúsund krónum við móttöku togarans, og hafði verið safnað hlutafjárloforðum sem því námu. En greinilega hafa ekki allir staðið við loforðin. Til er hluthafalisti sem sýnir hlutafé aðeins 35 þús. kr. (Smári Geirsson, 1991). Mismuninn hefur bankinn þurft að lána, auk þess sem hann lánaði fyrir nauðsynlegum búnaði og fyrir aðstöðu í landi sem hann seldi félaginu – og að sjálfsgöðu veitti hann því líka rekstrarlán. Síðan er óljóst hvort útibúið þurfti, sem raunverulegur bakhjarl Andrafélagsins, að lána því meira eða minna af þeim 150 þúsund krónum sem borga skyldi af togaranum fyrstu þrjú rekstrarárin.

Á fyrrnefndum hluthafalista er hlutur verkalýðsfélagsins langminnstur, 100 krónur, enda hefur hann aðeins verið formsatriði til að veita því aðgang að félagsfundum. Langstærstur er hlutur hreppsins, 15 þús. kr. Af einstaklingum eru stærstu hluthafarnir skipstjóri togarans og stýrimaður, hlutafjාරupphæðin, 2.500 krónur á hvorn, greinilega ekki nein 10% af launum, enda mun sú aðferð aldrei hafa átt að gilda um áhöfnina sem var ráðin í Reykjavík og fáir Eskifirðingar sem nokkurn tíma fengu þar skipsrúm. Meðal stærstu hluthafa eru þeir líka Páll Magnússon, lögfræðingur og oddviti Eskifjarðarhrepps, og Þorgils Ingvarsson útibússtjóri. Nokkrir, flestir með 1000 króna hlut, eru kaupmenn, útgerðarmenn eða iðnaðarmenn. Ekki skal fullyrt hvort það er til marks um alltraustan efnahag þeirra eða þvert á móti að þeir hafi ekki haft efni á að skerast úr leik ef bankinn bauð þeim lán til hlutafjárkaupa.

Tafla 4. Útgerð togarans Andra frá Eskifirði

Ár	Nafn	Gerður út frá	Útgerð	Vetrar-/vorvertíð	Ísfiskvertíð
1928	Gulltoppur	Reykjavík	Hf. Sleipnir.	1.1–15.3.	
1928	Andri	Eskifirði	Hf. Andri	15.3.–25.6.	15.9.–31.1
		Samkvæmt skýrslum í Ægi:		Selur ísfiskfarm 27. ágúst	
1929	Andri	Eskifirði	Hf. Andri	1.4.–?	?–1.12
		Samkvæmt skýrslum í Ægi: Selur ísfiskfarm 2. janúar. Byrjar saltfiskveiðar 2. mars			
1930	Andri	Eskifirði	Hf. Andri	15.2.–6.6.	3.10.–31.12.
1931	Andri	Eskifirði	Hf. Andri	24.4.–2.6.	1.9.–31.12.
		Samkvæmt skýrslum í Ægi: Landar fjórum förmum í Rvk., þremur á Eskifirði í maí			
1932	Andri	Reykjavík	Bjarni Pétursson o.fl.	4.4.–31.5.	25.10.–20.12
:		Samkvæmt skýrslum í Ægi:		30.3.–17.5., tveir farmar	Frá 5.10.
1933	Andri	Hafnarfirði	Hf. Berg		

Heimildir: sjá viðauka.

Heimskreppan lagðist yfir Evrópu smám saman á árinu 1930. Íslendingar fundu mest fyrir henni í lækandi útflutningsverðlagi. Þótt Andri fengi fullt verð fyrir afla sinn á vetrarvertíð hlaut bæði hann og öll útgerð Eskfirðinga að finna fyrir sölutregðu á saltfiski og ísfiski þegar leið á árið. Útgerðarskýrsla Andra 1931 (sjá töflu 4) byrjar ekki fyrr en á vorvertíð, því líkt sem félagið vilji helst gleyma misheppnaðri útgerð hans frá Reykjavík á vetrarvertíðinni. Hún byrjaði seint því að „eigendur togaranna bundust samtökum um að láta þá ekki fara á saltfiskveiðar fyrr en eftir 20. mars“ til að bæta ekki of miklu við óseldar saltfiskbirgðir frá fyrra ári (Kristján Bergsson, 1932). Flestir togarar lengdu þá ísfisktímabilið meira eða minna en ekki liggur fyrir hvenær því lauk hjá Andra. Samkvæmt fiskiskýrslum (sjá töflu 4) hafði hann þrívægis verið á ísfiskveiðum fram á gamlársdag en hóf þó ekki veiðar árið eftir fyrr en um mánaðamót mars/apríl. Af sömu skýrslum má sjá að jafnan voru sumir togararnir á ísfiskveiðum fram yfir áramót, sérstaklega 1931, sbr. líka ummæli Kristjáns Bergssonar (1932), og má telja víst að það hafi Andri verið líka.

Þegar Andri fór svo loks að veiða í salt lenti hann í töfum vegna vélarbilunar og náði aðeins fjórum veiðiferðum á sama tíma og flestir togarar lönduðu tíu sinnum eða svo (Kristján Bergsson, 1932). Nú var þess enginn kostur að selja fiskinn í Reykjavík heldur varð Andrafélagið að koma honum í verkun á eigin kostnað og sæta síðan saltfiskverðinu sem enn hafði lækkað. Þegar kom að vetrarvertíð 1932 var fjárhag félagsins svo komið að það sá sér ekki fært að halda skipinu til veiða. Það var leigt hluta ársins en jafnframt ákveðið að slíta félaginu og selja skipið. Í skýrslu sem tveir Eskfirðingar, þáverandi og fyrrverandi oddviti hreppsnefndar, birtu um hag hreppsins í janúar 1933, segir að það hafi verið Landsbankinn sem „árið 1931 hætti að lána félaginu rekstursfé og seldi skipið til Reykjavíkur síðastliðið ár [1932] og heimtaði félagið uppleyst“ (Ólafur H. Sveinsson og Arnfinnur Jónsson, 1933). Skýrsluhöfundar mega trútt um tala, höfðu sem oddvitar farið með stærsta eignarhlutinn í hf. Andra og annar þeirra átt sæti í skilanefnd félagsins. Krafa um að slíta félaginu kann að hafa tengst því að togarafélagið Sleipnir í Reykjavík, sem hafði selt Eskfirðingum Andra og annast að miklu leyti útgerð hans frá Reykjavík, var tekið til gjaldþrotaskipta vorið 1932. Um lykilhlutverk Landsbankans vitnar líka Friðrik Steinsson (1932), skipstjóri og áður útgerðarmaður á Eskfirði. „Félag eins og Andri,“ segir hann, verður „að dansa eftir pípu þeirrar lánsstofnunar sem hefur líf þess í höndum sér. ... Samanber: að Andri var leigður síðastliðið haust gegn vilja hluthafa ...“

Í ágúst 1932 hafði skilanefnd tekið við umsjá eigna og skulda Andrafélagsins og lýsti eftir kröfum í búið. Í framhaldinu auglýsti hún til sölu eignir þess, bæði togarann – bankinn var samkvæmt því ekki búinn að selja hann til Reykjavíkur – og fiskverkunarstöðina á Eskfirði.

Stöðinni fylgir jarðeignin Mið-Lambeyri, íbúðarhús, 3 vörugeymslúhús, verslunar- og skrifstofuhús, ís- og frystihús með vélum, hesthús, heyhlaða og fjós, hafskipabryggja með vatnsleiðslu, tvíspori og vögnum, 9825 fermetra lóð með stórum fiskreitum og öðrum mannvirkjum.

(Togari og fiskverkunarstöð til sölu, 1932)

Tilboðum átti að skila til nefndarinnar, en í auglýsingum í Reykjavíkurbloðum var því bætt við að Þorgils Ingvarsson, Landsbankanum í Reykjavík, myndi taka við þeim „fyrir hönd skilanefndarinnar“ (Togari og fiskverkunarstöð til sölu, 1932). Þorgils, nýkominn til ábyrgðarstarfa í aðalbankanum í Reykjavík, hafði sem sagt ekki með öllu sleppt hendinni af málefnum útibúsins. Af tilboðum í eignirnar fer ekki sögum. Á endanum seldist togarinn þó til Hafnarfjarðar, en sýslumaður auglýsti að í apríl 1933 yrði fasteignin seld á uppboði.

Vafalaust hefur mikið vantað á að Andrafélagið ætti fyrir skuldum. Í stórum dráttum virðist Landsbankinn hafa tekið á sig skellinn, í raun setið uppi með eignir og skuldir félagsins og forðað því þannig frá formlegu gjaldþroti, en hlutaféð var að sjálfsögðu tapað (Smári Geirsson, 1991). Ekki liggur fyrir hvort bankinn hafði lánað út á eitthvað af hlutabréfunum eða hvernig þær skuldir innheimtust en ætla má að a.m.k. sumir hluthafarnir hafi tapað fjármunum sem þá munaði um.

Áföll í afurðasölu

Það var ekki aðeins útgerð Andra sem gekk á afturfótunum 1931 heldur rak einnig hvert óhappið annað hjá bátaflotanum heima á Eskifirði. Vetrarvertíð hófst ekki fyrr en komið var fram í mars. Ástæðan var sú að bankarnir hikuðu við að veita rekstrarlán (Friðrik Steinsson, 1932). Nú var Útvegsbankinn tekinn við af Íslandsbanka á Seyðisfirði og greinilegt að hann stillti saman strengi við Landsbankann á Eskifirði. Trúlega hefur þurft ákvarðanir frá Reykjavík áður en byrjað var að bæta í lán hjá illa stöddum útgerðum. Sömuleiðis árið eftir, þegar bátaútvegur var enn verr staddur og „Landsbankaútibúið á Eskifirði, sem undanfarið hafði lánað útgerðinni stofnfé og rekstursfé, kippti algerlega og fyrirvaralaust að sér hendinni í ársbyrjun ... svo við sjálf lá að útgerðin legðist þá öll niður“ (Ólafur H. Sveinsson og Arnfinnur Jónsson, 1933), eins og segir í fyrrnefndri skýrslu oddvitanna tveggja.

Fyrstu mánuði vertíðar, áður en fiskur gekk á heimamið, reru Eskifjarðarbátar jafnan frá Hornafirði (sjaldnar frá Djúpavogi) en fluttu aflann heim þar sem hann var fullverkaður (sbr. Smára Geirsson 1983, bls. 57 um Norðfjarðarbáta). Verslunarskýrslur kringum 1930 sýna sáralítinn útflutning frá Hornafirði, sem skýrist af því að þaðan reru mest aðkomubátar og fluttu aflann heim.

Þegar Austfjarðabátar voru komnir til Hornafjarðar 1931 hamlaði það veiðum að loðna, sem treyst var á til beitu, gekk ekki í Hornafjarðarós (Kristján Bergsson, 1932). Um vorið, þegar bátarnir reru frá Eskifirði, var aflatregða með eindæmum, sérstaklega hjá smábátum sem sóttu á grunnmið (Friðrik Steinsson, 1932). Þar við bættist sölutregða og verðfall á saltfiski, eins og Andrafélagið hafði líka orðið svo tilfinnanlega fyrir. Saltfiskur var þó ekki sú afurð sem Eskfirðingum reyndist verst á því mikla óhappaári.

Síld var á þessum árum aðallega veidd fyrir Norðurlandi. Þar voru síldargöngur fyrrsjáanlegastar og hægt að landa aflann bæði í söltun og bræðslu. Síld átti þó til að ganga að Austurlandi líka, jafnvel inn á firði. Það gerðist einmitt síðsumars 1931. Var þá reynt að nota tækifærið og veiða sem mest til söltunar, en síldarbræðsla var hvergi á Austfjörðum. Af þessari sumarsíld var langmest saltað á Eskifirði (Friðrik Steinsson, 1932).

Undanfarin ár hafði opinbert fyrirtæki, Síldareinkasala ríkisins, haft einkarétt á að flytja út salt-síld. Vegna sölutregðu og verðfalls var rekstur einkasölnunnar erfiður, og 1931 bættist við misheppnuð verkun á síld sem kaupendur höfnuðu. Þegar söltun hófst á Austfjörðum var Síldareinkasalan komin í fjárþrot, hafði ekki tök á að kosta verkun síldarinnar, hvað þá að greiða útvegs mönnum upp í væntanlegt verð aflans. Þess í stað bauðst hún til að ábyrgjast afurðalán sem bankarnir, aðallega Landsbankinn á Eskifirði, veittu síldarútveginum. Einkasalan skuldaði nú stórfé umfram eignir; tilraun til að endurskipuleggja hana strandaði á andstöðu útgerðarmanna, og fór svo að ríkisstjórnin lét undan kröfum um að leggja hana niður. Var ákveðið með bráðabirgðalögum að slíta henni, að miklu leyti eins og um gjaldþrot væri að ræða. (Aðferðina má að vissu marki bera saman við slit föllnu bankanna 2008.) Eignir slitabúsins fóru allar í forgangskröfur, ekkert var eftir til að borga síldareigendum eða til að standa við ábyrgðir á afurðalánunum. Austfirðingar höfðu þannig ærinn kostnað af saltsíldinni en engar tekjur (Þingskjal nr. 38/1933; nánar um einkasöluna: Hreinn Ragnarsson og Hjörtur Gíslason 2007, bls. 12–18).

Saltfiskframleiðsla ársins 1930 hafði selst seint og illa og sátu Eskfirðingar, eins og fleiri, uppi með allmiklar birgðir í árslok. Betur hafði gengið á Seyðisfirði þar sem óformlegt sölusamlag fiskframleiðenda hafði náð að selja mest af fiskinum fyrir áramót. Af þeirri reynslu vildu nú Austfirðingar læra, stofnuðu sumarið 1931 fisksölusamlög með samvinnusniði á helstu útgerðarstöðum sem síðan mynduðu með sér samvinnusamband. Skyldi það „vinna að vöruvöndun og sameiginlegri sölu fiskafurða sambandsdeildanna“. Í stjórn þess áttu sæti fulltrúar útgerðar frá fjórum mestu útgerðarstöðunum ásamt Þorgils Ingvarssyni útibússtjóra (Friðrik Steinsson, 1932; Smári Geirsson 1983, bls. 203, 205; Fisksalan, 1932).

Svo æxlaðist að Samband fisksölusamlaga Austfjarða seldi aldrei neinn saltfisk heldur einbeitti það sér að öðru verkefni: að koma bátafiski á Englandsmarkað ísvörðum. Þannig gæti vélbátaflotinn,

bæði línu- og dragnótabátar, nýtt sama markað og togararnir voru vanir að gera á ísfiskvertíðinni fyrri hluta vetrar. Þetta var ný tilraun, gerð með stuðningi ríkisins samkvæmt sérstökum heimildarlögum. Árangurinn varð í einu orði skelfilegur. Aflatregða og gæftaleysi ollu því að mikill tilkostnaður við flutningaskip, veiðarfæri og annan útbúnað nýttist illa. Þó sæmilegt verð fengist fyrir mest af því sem þó veiddist þá fór það allt í tilkostnað. Útgerðin fékk ekkert (Friðrik Steinsson, 1932; Smári Geirsson, 1983, bls. 203–205).

Tafla 1 sýnir allmikinn útflutning frá Eskifirði 1931, sérstaklega eftir litið er á hann sem hlutfall af útflutningi landsins. Þar eru saltsíldin og ísfiskurinn óvenjuleg viðbót við hina rýru saltfiskframleiðslu. En af útflutningsverðmæti þeirra hafði ekkert skilað sér til útgerðarinnar heima á Eskifirði. Þegar árinu lauk var bátaútvegurinn síst betur staddur en togaraútgerðin. Kristján Bergsson (1932) talaði um landið í heild þegar hann nefndi „... verðfall á flestöllum sjávarafurðum svo ægilegt að heita má að öll útgerð landsmanna liggja nú í molum um áramótin.“ Það átti þó alveg sérstaklega við um Austfirði, ekki síst Eskifjörð.

Húsmæðrasamvinna um fiskverkun

Árið 1932, þegar Andrafélagið var í raun hætt rekstri, leigði það út bæði skipið og fiskverkunarstöðina, og var þá hvort tveggja rekið með eins konar samvinnusniði.

Vetrarvertíð togaranna hófst, eins og árið áður, ekki fyrr en í mars. Var Andri þá, samkvæmt fiskiskýrslum Hagstofunnar (sjá töflu 4), gerður út frá Reykjavík og stóðu að því „Bjarni Pétursson o.fl.“. Þekki ég ekki aðrar heimildir um þann útveg. Fyrirnefnd fullyrðing um að bankinn hafi selt togarann til Reykjavíkur kynni að eiga við hann, en það hefur þá verið leiga fremur en sala, eða áformuð sala sem ekki gekk eftir.

Hitt hefur lifað í minningunni að um haustið, eftir um fjögurra mánaða hlé, tók áhöfnin skipið á leigu. Af blaðafregnum (Andri leigður, 1931; Skiphafnir taka togara á leigu, 1931) er ljóst að það gerðist ekki fyrr en í september/október (látið úr höfn 3. eða 5. október). Að það hafi verið í ársbyrjun (Einar Bragi, 1973, bls. 21) hlýtur að vera misminni heimildarmanns. Áhöfnin hefur væntanlega samið við skilanefnd hlutafélagsins og sölu skipsins verið slegið á frest (sjá einnig Svein Sæmundsson, 1973, bls. 127–140; Kristján Jóhannsson, 1993). Skipverjar á Andra stofnuðu félag um útgerð hans, *Félagsútgerðina Laxfoss*, í raun samvinnufélag þótt ekki væri það formlega skráð sem slíkt. Úthaldið byrjaði vel en eftir bilun í skipinu og dýra en misheppnaða viðgerð neyddist áhöfnin til að skila því.

Leigan á Andra var eitt af fyrstu dæmunum um félagsskap af því tagi sem ég hef kallað „áhafnarfélög“ (Helgi Skúli Kjartansson, 1987). Af þeim voru allnokkur stofnuð á næstu árum, sum sem formleg samvinnufélög, oft að frumkvæði bankanna sem leigðu þeim eða seldu einstaka togara eða línuveiðara. Flestar þessara tilrauna urðu endasleppar. Þing ASÍ 1935 var andvígt því að „samvinna í útgerð“ leggi „alla áhættu af atvinnurekstrinum á herðar sjómanna“ og taldi togaraútgerð best komna í höndum ríkis og bæja (Alþýðusamband Íslands 1935, bls. 53–54). En þetta er saga sem ekki gerðist á Eskifirði og ekki ástæða til að fjölyrða um hér.

Heima á Eskifirði sat Andrafélagið uppi með ónýttar fasteignir, þær sem Landsbankinn hafði á sínum tíma selt því (eða í raun lánað). Þar var saltfiskverkunarstöð sem verið hafði einn helsti vinnustaður þorpsins, ekki síst fyrir verkakonur, og áfall fyrir byggðarlagið ef sú starfsemi yrði nú að engu. Úrræðið var að stofna sérstakt félag um fiskverkunina. *Fiskiverkunarfélagið Huginn* hét það, stofnað 8. apríl 1932, tilgangur: „að bæta úr atvinnuskorti félagsmanna með því að reka fiskverkun“ sem og að „ná umráðarétti yfir fiski, fiskverkunarstöð og öðru sem nauðsynlegt er við þann rekstur“. Félagið var ekki formlega skráð sem samvinnufélag en þó skipulagt sem slíkt, skyldi m.a. leggja í varasjóð inntökugjald, árgjald og helming af hreinum arði (sjá viðauka).

Hér var hafin starfsemi sem ég veit ekki til að eigi sér hliðstæður í öðrum byggðarlögum. Heimildir um hana (Smári Geirsson, 1991 – haft eftir Arnþóri Jensen; Einar Bragi, 1973, bls. 22; Hjálmar Kjartansson, 1993) eru upprifjanir, að vísu frá fyrstu hendi að því leyti sem heimildarmaðurinn

er Arnþór Jensen, en að áratugum liðnum. Samtímaheimildir um þennan stórmerkilega félagsskap þekki ég því miður ekki og er þessi frásögn því snubbóttari en skyldi.

Yfirmaður Hugins, sem „forstjóri, verkstjóri og bílstjóri“, var ungur Eskfirðingur, Arnþór Jensen, kaupmannssonur og hafði unnið við verslun uns Páll Magnússon, stjórnarformaður Andrafélagsins, réð hann sem verkstjóra þess á Eskifirði. Þeir Páll og Arnþór tóku nú höndum saman, ásamt þriðja karlmanni og 25 konum, um stofnun Hugins. Félagið keypti nauðsynlegan útbúnað á vægu verði af Andrafélaginu og tók á leigu fiskverkunaraðstöðu þess. Leigði hana raunar „af Landsbankanum“ samkvæmt síðari frásögum en formlega hlýtur Andrafélagið sjálft að hafa verið leigusalinn fyrsta sumarið. Minningin bendir þó til að Landsbankinn hafi, sem veðhafi, í raun ráðið yfir eigninni. Og sennilega leyst hana til sín eftir uppboð sýslumanns.

Til að halda uppi atvinnu við fiskverkun dugði ekki að treysta á afla heimabáta enda var útgerð þeirra í lamasessi eftir áföll undangenginna missera og aflinn í lágmarki (sjá töflur 2 og 3). Huginn samdi því við togaraútgerð í Reykjavík og fiskverkunarstöð í Hafnarfirði um að taka fisk til verkunar sem ýmist var landað á Eskifirði eða sendur þangað með flutningaskipum. Þannig fékkst meiri fiskur en stöðin annaði og gat fólk þá tekið fisk til verkunar á eigin reitum. Væntanlega hafa félagskonur þar gengið fyrir, en annars hefur vinnuafli Hugins að miklu leyti verið utanfélagsfólk á venjulegu kaupi.

Huginn hefur greinilega verið umsvifamikill fyrsta árið, eins og best sést af því hve furðanlega útflutningur frá Eskifirði heldur í horfinu 1932 (Tafla 1) borið saman við miklu minni afla (Töflur 2 og 3). Síðan fer útflutningur þverrandi ár frá ári, en ekki skal fullyrt hvort umsvif Hugins minnkuðu í sama takti. Svo mikið er víst að félaginu var ekki slitið fyrr en 1939, eignum þess þá skipt milli félagsmanna.

Úrræði samvinnunnar

Það var einstaklingsreksturinn á Eskifirði, bæði í verslun og útgerð, sem hafði hnignað svo alvarlega sem hér hefur verið lýst. Andrafélagið má kalla félagslegt framtak, en í formi einkareksturs. Eftir 1930 voru það hins vegar samvinnufélög sem ætlað var að fylla skörð kaupmanna og útvegsmanna.

Fulltrúi hinnar hefðbundnu samvinnuhreyfingar á Eskifirði var *Kaupfélag Eskfirðinga*, aðildarfélag SÍS, og má ætla að það hafi ekki síst sinnt viðskiptum við bændur í nágrenni þorpsins. Annað samvinnufélag bættist við 1930, *Samvinnufélag Eskfirðinga*, útgerðarsamvinnufélag af því tagi sem fyrst var stofnað á Ísafirði 1927, og voru Eskfirðingar með þeim fyrstu sem fylgdu því fordæmi. Félagið var fjölmennt og naut stuðnings heimamanna. En reksturinn gekk allt annað en vel (Ólafur H. Sveinsson og Arnfinnur Jónsson, 1933; Einar Bragi, 1983, bls. 146–147; sjá einnig viðauka). Fyrst stóð í stappi um ríkisábyrgð á bátakaupaláni sem Alþingi hafði heimilað en ríkisstjórnin fékkst ekki til að nýta. Í fyrstu þótti vanta fullnægjandi ábyrgðir, en þegar reynt var aftur 1931 veit ég ekki á hverju strandaði eða hvort það kynni að tengjast samvinnuslitum Alþýðuflokks og Framsóknarflokks í þingrofinu 1931. Útgerðarsamvinna hafði verið málefni Alþýðuflokksins sem hann hafði nú ekki lengur aðstöðu til að fylgja eftir við stjórnina.

Sumarið 1931 hafði félagið enn ekki náð að festa kaup á skipi, greip þá til þess ráðs að leigja bát og gera út á síld, og um haustið tókst, með aðstoð hrepps og sýslu, að kaupa gamlan bát og gera út á ísfiskveiðar. En eins og fyrr er lýst skiluðu hvorki síldin né ísfiskurinn neinum tekjum. Eftir þvílíka byrjun átti félagið sér naumast viðreisnar von. Bátur þess var þó gerður út 1932, þá í samlögum við annan bát í þorpinu á vegum þess sem í fiskiskýrslum var kallað „félagsútgerð“. Sjá töflu 3 þar sem báðir bátarnir eru flokkaður sem samvinnubátar. Það styðst við ummæli Sveins Ólafssonar á Alþingi 1933: „Að vísu var myndað samvinnufélagið, og hélt það úti 2 bátum ...“ (Alþingi, 1933, bls. 196).

Árið 1933 var þilskipafloti Eskfirðinga í lágmarki, hvorki togari né línuveiðari og ekki nema þrír vélbátar, þar á meðal bátur samvinnufélagsins sem aðeins var gerður út í fimm mánuði. Með því úthaldi var örendi félagsins þrotið, báturinn auglýstur á uppboði og síðan seldur úr plássinu.

Kaupfélagið hafði einnig lent í þrengingum, líkt og kaupmenn staðarins, og komst loks í þrot. En

Eskfirðingar gáfust ekki upp á samvinnufélagsskapnum heldur endurreistu hann með nýju útgerðarfélagi og ekki minna en tveimur kaupfélögum.

Útgerðarfélagið hét *Kakali*, stofnað 1933. Það fékk nú ríkisábyrgð á lánum sem dugðu til að semja um nýsmíði á fjórum bátum. Þrír voru einkum ætlaðir til þorskveiða, nokkru stærri þó en eldri bátar í plássinu, gátu því sótt lengra og notað fjölbreyttari veiðarfæri. Sá fjórði var miklu stærri, en dýrari í rekstri, reyndist ekki henta til bolfiskveiða og var aðeins gerður út á stuttri sildarvertíð, auk þess sem hann nýttist til landhelgisgæslu (Friðrik Steinsson, 1935). Aflabrogð voru góð fyrsta starfsár Kakala en afleit eftir það (Tafla 2) enda gafst hann upp eftir annað árið. Félagsmenn hafa tapað stofnfé sínu, en ekki skal fullyrt hve mikið af tapi félagsins lenti á þeim sem ábyrgðarmönnum eða á ríki, sýslu og hrepp vegna ábyrgða og veða. Bátar Kakala voru þó ekki seldir úr plássinu heldur voru þeir uppistaðan í þilskipaflota Eskfirðinga næstu árin, gerðir út af mismunandi hópum einstaklinga – vafalaust með Landsbankann að bakhjarli (Einar Bragi, 1983, bls. 152–153; sbr. töflu 3 og viðauka).

Kaupfélagin tvö urðu langlífari, fyrstu verslanir á Eskfirði í langan tíma sem tókst nokkurn veginn að koma undir sig fótunum. Af þeim var hið yngra, *Kaupfélagið Björk*, beinn arftaki gamla kaupfélagsins, aðildarfélag SÍS og treysti mjög á viðskipti bænda. Það yfirtók eina af smáverslunum staðarins og gerði eiganda hennar, Markús E. Jensen, að kaupfélagsstjóra (Einar Bragi 1973, bls. 148–153). Þá var bróðir Markúsar, fyrrnefndur Arnþór Jensen, þegar orðinn kaupfélagsstjóri hins félagsins, *Pöntunarfélags Eskfirðinga*, og varð það smám saman hans aðalstarf þótt hann væri meðfram stjórnandi Hugins. Með því að kalla sig pöntunarfélag sór félagið sig í ætt verslunarsamtaka sem víða voru stofnuð í þéttbýli, tengd verkalýðsfélögum og vinstrihreyfingu, t.d. PAN, Pöntunarfélag alþýðu, Neskaupstað, sem mun hafa verið hin beina fyrirmynd Eskfirðinga. Flest slík félög uppfylltu ekki skilyrði samvinnulaga um að í kaupfélagi bæri hver félagsmaður ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Þau voru því ekki skráð sem samvinnufélög og ekki tæk í SÍS fyrr en samvinnulögunum var breytt 1938. Pöntunarfélag Eskfirðinga var hins vegar frá upphafi formlegt samvinnufélag með fulla samábyrgð. Eðlilega var það samt bændafélagið Björk sem fékk inngöngu í SÍS, Pöntunarfélagið ekki fyrr en löngu seinna þegar það hafði yfirtekið Björk (Einar Bragi 1973, bls. 24–42).

Góð ráð dýr

Eskfirðingar höfðu sem sagt ýmis spjót úti til að glæða atvinnulífið í plássinu. Og það væntanlega fleiri en hér hafa fundist heimildir um. Einhvers konar tilraun hefur það t.d. verið 1934 að hefja á ný útgerð árabáta og láta 30 manns skiptast á að róa á þremur bátum. Áhafnir trillubátanna eru líka fjölmennari þetta ár en ella, væntanlega vegna skiptivinnu (Tafla 3).

Öll þessi viðleitni hrökk þó skammt. Eskifjörður sökk æ dýpra í atvinnuleysi og fátækt. Þótt ríkið veitti illa stöddum sveitarfélögum vissa aðstoð, greiddi t.d. hluta af kostnaði þeirra við fátækraframselsu og atvinnubótavinnu, þá dugði það ekki til að halda Eskifjarðarhreppi á floti. Í ársbyrjun 1933 höfðu tveir oddvitar hreppsins, þáverandi og fyrrverandi, tekið saman svarta skýrslu um ástandið (Ólafur H. Sveinsson og Arnfinnur Jónsson, 1933; Einar Bragi 1983, bls. 148–153). Án frekari aðstoðar „fer fjöldi hreppsúa á vonarvöl og hreppsfélagið verður gjaldþrota á þessu ári“ eru niðurlagsorð þeirra. Síðar á árinu var auglýst nauðungaruppboð á fasteign í eigu hreppsins og síðan lýst eftir kröfum í bú hans þar eð hann hefði leitað aðstoðar ríkisins samkvæmt sérstökum lögum.

Hvernig enn hafði hallað undan fæti má sjá 1936 þegar Eskfirðingar sendu þriggja manna nefnd til Reykjavíkur að fylgja eftir málstað sínum við þing og stjórn (Sendinefnd frá Eskfirði er stödd ..., 1936). Þá hafði hreppurinn „svo að segja verið rekinn af ríkinu“ síðan 1933, enda ómögulegt að innheimta útsvör. Sendimenn töldu örvænt að bátaútvegur dygði til viðreisnar þorpínu (Tafla 2 sýnir ástand hans) heldur yrði að efna til „stórútgæðar eða stóriðnaðar“. En hvorugt gerðist. Kreppan hélt áfram.

Rautt þorp

„Rauði bærinn.“ Eftir stríð hefði sá titill helst átt við Neskaupstað, sterkasta vígi Sósíalístaflokksins á sveitarstjórnarstigi. Hinn upphaflegi „rauði bær“ var hins vegar Ísafjörður þar sem Alþýðuflokkurinn hafði varanlegan meirihluta í bæjarstjórn þegar á þriðja áratugnum, og um 1930 hafði Hafnarfjörður bæst við. Á fjórða áratugnum hefði jafnvel mátt telja Siglufjörð með þar sem framboð verkalýðsflokka fékk meirihluta atkvæða í bæjarstjórnarkosningum bæði 1930 (Alþýðuflokkurinn) og 1938 (samfylkingarframboð).

Þannig var aðeins talað um kaupstaði, en af þorpum, með hreppsnefnd en ekki bæjarstjórn, var Eskifjörður eitt það „rauðasta“ (Einar Bragi 1983, bls. 48–49, 129–137, 172–179). Þar var í fararbroddi verkamannafélagið *Árvakur*, í samvinnu við verkakvennafélag og um tíma sérstakt sjómanna-félag. Félögin höfðu myndað sameiginlegt „alþýðurád“ 1927, og 1931, þegar Alþýðuflokksmenn höfðu stofnað jafnaðarmannafélag á Eskifirði, átti það aðild að „fulltrúaráði“ með verkalýðsfélög- unum (Einar Bragi 1983, bls. 88, 223). Eskifirðingar hölluðu sér fremur að vinstri armi Alþýðu- flokksins, enda stóðu sumir leiðtogar þeirra nær kommúnistum en jafnaðarmönnum, t.d. Jens Figved sem fyrr er nefndur (síðar fyrsti kaupfélagsstjóri KRON í Reykjavík), og ekki síst Arnfinnur Jóns- son skólastjóri sem gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum, bæði fyrir verkalýðsfélögin, m.a. sem formaður Árvakurs, og fyrir byggðarlagið, t.d. í hreppsnefnd, í skilanevnd Andrafélagsins og sem formaður Samvinnufélags Eskifirðinga. Arnfinnur gekk þó ekki í Kommúnistaflokkinn fyrr en hann hafði tekið upp „samfylkingarstefnu“ og boðaði breiða samstöðu vinstri aflanna. Því var Arnfinnur í framboði fyrir Alþýðuflokkinn við þingkosningar 1931 en ekki fyrir Kommúnistaflokkinn fyrr en 1937. Árvakur átti aðild að Alþýðusambandinu og þar með Alþýðuflokknum en reyndi jafnan að beita sér fyrir sem nánustu samstarfi flokkanna og helst sameiningu. Þar til Alþýðuflokkurinn klofnaði á ný 1938 og Árvakur fylgdi flokksarmi Héðins Valdimarssonar, en það er utan við tíma- ramma þessarar greinar.

Verkalýðshreyfingin á Eskifirði lét sig mjög varða málefni hreppsins, stillti upp frambjóðendum og náði nokkrum sinnum meirihluta í hreppsnefnd, m.a. 1931 þegar Arnfinnur tók við oddvitastarf- inu af margnefndum Páli Magnússyni lögfræðingi. Pólitískur styr stóð um Arnfinn sem sagði sig úr hreppsnefndinni 1932 ásamt tveimur öðrum. Um uppstillingu í aukakosningum leitaði Árvakur samstöðu, ekki aðeins við verkakvennafélagið heldur flokksfélög bæði Alþýðuflokks og Kommún- istaflokks. Næstu árin voru oddvitar kosnir á víxl, ýmist Arnfinnur eða Framsóknarmenn (ef ekki Páll Magnússon þá Ólafur H. Sveinsson, áður kaupmaður og útgerðarmaður en nú gjaldkeri banka- útibúsins) eftir því að hvorum Alþýðuflokksmenn hölluðust. Félagshyggjuöflin náðu þó yfirleitt að vinna saman. Það voru Ólafur og Arngrímur sem í sameiningu sömdu fyrrnefnda skýrslu um hag byggðarlagsins í ársbyrjun 1933, og við hreppsnefndarkosningar árið eftir var það þriggja manna „klíkan“ Páll, Ólafur og Arnfinnur sem Sjálfstæðismenn gerðu ábyrga fyrir bágunum hag sveitarfélags- ins (Kosningarnar, 1934). Þriggja manna sendinefndin 1936, sem kosin var á borgarafundi eftir undirbúning hreppsnefndar, var líka skipuð fulltrúum kommúnista og jafnaðarmanna ásamt Arnþóri Jensen pöntunarfélagsstjóra (Sendinefnd frá Eskifirði, 1936).

Hreppsnefndin sem kosin var 1934, og gerði Arnfinn enn sem fyrr að oddvita, átti í útistöðum við ríkisstjórnina vegna neyðarástands í fjármálum hreppsins. Sumarið 1935 boðaði hún til borgara- fundar og tilkynnti afsögn sína. Kusu þá fundarmenn („kommúnistar“ eða „alþýðan“ eftir því hver sagði frá) tíu manna hóp, „ráð“, „nefnd“ eða „samfylkingarnefnd“, til að taka við stjórn sveitar- félagsins („Ráðsstjórn á Eskifirði“, 1935; Frá Eskifirði, 1935; Alþýðan á Eskifirði, 1935). Tímenn- ingarnir völdu Arnfinn sem oddvita sinn, boðuðu til nýs borgarafundar sem vottaði þeim traust, og efndu til hreppsnefndarkosningar þar sem „verklýðsfélögin og Kommúnistaflokkurinn“ stilltu upp „samfylkingarlista ... sem alþýðan fylkir sér eindregið um án tillits til stjórnmalaskoðana“ (Alþýðan á Eskifirði, 1935) og fékk hann ekki mótframboð. Það var ekki að ástæðulausu sem Morgunblaðið valdi þessum atburðum fyrirsögnina „Ráðsstjórn“ á Eskifirði. „Bylting“ kommúnista byrjuð þar.

Vissulega með háðsmerkjum, því að á Eskifirði hófst engin bylting í marxískum skilningi né komst þar á raunveruleg ráðstjórn, en engu að síður er tíu manna „ráðið“ á Eskifirði nánasta hliðstæða Íslandssögunnar við „sovétin“ sem myndað höfðu grasrót rússnesku byltingarinnar.

Stjórnvöld tóku ekki mark á þessum ráðstöfunum heldur létu endurtaka hreppsnefndarkosninguna með lögformlegum hætti. Af þremur framboðum fékk „samfylkingarlistinn“ mest fylgi, en ekki meirihluta og vék Arnfinnur úr oddvitasessi. Sú hreppsnefnd sagði líka af sér eftir eitt ár, en nú þurfti ekki að kjósa því aðeins einn listi kom fram. Þar átti Árvakur meirihluta, enn sem fyrr með Arnfinn í fararbroddi (Einar Bragi 1983, bls. 136).

Það voru þannig félagshyggjuöflin, ekki síst verkalýðshreyfingin, sem í samspili við útibú Landsbankans lögðu línur í atvinnumálum Eskfirðinga á því tímabili sem hér hefur verið lýst.

Niðurstöður

„Hver einn bær á sína sögu.“ Það má segja um sjávarþorp ekki síður en sveitabæi, og vissulega var ýmislegt að gerast í atvinnumálum Eskfirðinga á þeim tíma sem hér hefur verið til skoðunar. En er eitthvað af því sérstaklega merkilegt? Það verður höfundur eiginlega að leggja í dóm lesenda: hvað þeim kann að koma á óvart, hvað fyllir upp í mynd þeirra af Íslandi millistríðsáranna, hvað kallast á við byggðavanda útgerðarstaða á 21. öld.

Af því sem ekki á sér hliðstæður annars staðar (ekki svo höfundur viti a.m.k.) má ekki síst benda á Hugin, samvinnufélag um saltfiskverkun, að uppistöðu félag kvenna um það dæmigerða kvennastarf að þurrka fisk á reitum. Félag sem virðist hafa náð verulegu flugi, einmitt þegar mest þurfti á að halda.

Saga Andrafélagsins er líka nokkuð sérstök. Af örfáum tilraunum til að leysa atvinnuvanda sjávarþorps með togaraútgerð var hún einhver sú fyrsta. Það hafði ekki heldur verið algengt að sveitarfélag fjárfesti í atvinnurekstri sem stór minnihlutaeigandi. Og svo áformið um að verkafólkið verði smám saman hluthafar með því að fá laun sín að nokkru í hlutabréfum. Þótt það kæmist aldrei til framkvæmda er það ákveðið skref í hugmyndasögu atvinnulýðræðis á Íslandi sem vert er að rifja upp þótt á sínum tíma virðist það ekki hafa vakið mikla athygli.

Ef samvinnuútgærðin á Eskifirði er merkileg, þá er það ekki af því að hún skeri sig svo mjög úr heldur var hún þáttur í hreyfingu sem um munaði fyrir þróun sjávarútvegs og samvinnustarfs á landinu öllu. Eskfirðingar voru ekki heldur einir um hinar skelfilega misheppnuðu tilraunir Austfirðinga til síldarsöltunar og ísfiskútflutnings 1931, en þær eru minnisverðir hlekkir í atburðarás heimskreppunnar á Íslandi.

Það brot úr sögu Eskifjarðar sem hér hefur verið rakið má skoða frá ýmsum sjónarhólum. Einn er sá hvernig ábyrgð og ákvarðanir skiptast á milli miðstjórnar og heimabyggðar. Það á ekki aðeins við um hreppsnefndina gagnvart Alþingi og ríkisstjórn (með sýslumann og sýslunefnd sem millistig) heldur um Landsbankaútibúið gagnvart aðalbankanum, sömuleiðis verkalýðsfélögin og samvinnufélögin gagnvart sínum heildarsamtökum, ASÍ og SÍS. Og þá eiginlega heildarsamtökunum ásamt tilheyrandi stjórnmalahreyfingum, Alþýðuflokki og Framsóknarflokki. Sérstaklega er athyglisvert hvernig verkalýðsfélög og verkalýðsflokkar á Eskifirði móta sína sérstöku stefnu í málum byggðarlagsins, stefnu sem um sumt er merkilega róttæk og hampar beinu lýðræði fremur en stofnanalýðræði. Hér birtast athyglisverðir drættir í sögu vinstri hreyfingarinnar á Íslandi.

Þá sýnir dæmi Eskifjarðar býsna skýrt hve mikla ábyrgð bankarnir gátu tekið á málefnum byggðarlaga. Um þá sögu er hér litlu bætt við fyrri frásagnir og ekki reynt að meta hve sérstakur Eskifjörður var að þessu leyti. En gaman væri að vita meira um hlut bankakerfisins í atvinnu- og byggðasögu millistríðsáranna, ár fyrir ár, stað fyrir stað.

Viðauki: um gögn

Auk tilvísanra heimilda er stuðst við eftirtalin gögn:

- Auglýsingar í *Stjórnatíðindum B* (1932, bls. 475, um samvinnufélagið Hugin; 1935, bls. 425–426, um Kaupfélagið Björk) og *Lögbirtingablaði* (1931, bls. 251, og 1933, bls. 43, um fiskisölusamlög; 1931, bls. 251, 1932, bls. 102, og 1933, bls. 360, um Samvinnufélag Eskfirðinga; 1932, bls. 156, og 1933, bls. 42, um slit Andrafélagsins; 1932, bls. 158, um Fiskiverkunarfélagið Hugin; 1933, bls. 133, um gjaldþrot Sleipnis; 1934, bls. 60, um kaupfélagið Björk; 1933, bls. 189, og 1934, bls. 18, um fjárhag Eskifjarðarhrepps).
- Um vexti, gengi og verðlag, svo og um efnahag bankanna, eru notaðar tölur úr *Hagskinnu* (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (ritstjórar). (1997). *Hagskinna: Sögulegar hagtölur um Ísland*. Hagstofa Íslands), bls. 637, 671, 673, 693 og 695.
- Í Töflu 1 eru fólksfjöldatölur sóttar í *Hagskinnu*, bls. 100–106. Um vöruútflutning er farið eftir *Verslunarskýrslum* Hagstofunnar 1925–1933 (*Hagskýrslur Íslands* nr. 55, bls.95; nr. 60, bls.102; nr. 65, bls.93; nr. 68, bls.97; nr. 71, bls.99; nr. 74, bls.102; nr. 78, bls.100; nr. 81, bls.100; nr. 85, bls.112; nr. 89, bls.113; nr. 93, bls.131; nr. 97, bls.125; nr. 101, bls.131).
- Aðalheimildir Töflu 2, Töflu 3 og Töflu 4 eru skýrslur Hagstofunnar, *Fiskiskýrslur og hlunninda* fyrir árin 1925–1933 (*Hagskýrslur Íslands* nr. 54, bls. 9, 18, 28, 35; nr. 58, bls. 8, 14, 17, 26, 32; nr. 63, bls. 8, 14, 17, 26, 32; nr. 67, bls. 2, 8, 14, 17, 26; nr. 70, bls. 9, 15, 17 26; nr. 73, 8–9, 15, 17, 24; nr. 76, bls. 9; 15, 17, 24; nr. 82, bls. 2, 15, 17, 24; nr. 87, bls. 20, 24, 30, 33, 40; nr. 90, bls. 24, 30, 33 40; nr. 94, bls. 32, 35; nr. 98, bls. 26, 32, 35, 42; nr. 102, bls. 8, 14, 17, 24).
- Í Töflu 4 eru auk þess upplýsingar úr skýrslum Fiskifélags Íslands, teknar eftir mánaðarriti þess, *Ægi*, 21.–26. árgangi: 1928, bls. 263; 1929, bls. 68; 1930, bls. 15; 1932, bls. 13; 1933, bls. 17 og 208.
- Um reikninga Landsbankans er farið eftir prentuðum ársskýrslum (titill: *Landsbanki Íslands*) 1924, bls. 11, 19; 1925, bls. 13, 21; 1926, bls. 13, 21; 1927, bls. 9, 25; 1928, bls. 13, 29; 1929, bls. 15–16; 1930, bls. 18–19; 1931, bls. 19, 21; 1932, bls. 17–18; 1933, bls. 21–22; 1934, bls. 22, 24; 1935, bls. 21, 23; 1936, bls. 23–24; 1937, bls. 24–25.

Heimildaskrá

Alþingi. (1933). *Alþingistiðindi 1933. Fertugasta og sjötta löggjafarþing: B. Umræður um samþykkt lagafrumvörp með aðalefnisyfirliti*.

Alþýðan á Eskifirði tekur til sinna ráða. (1935, 11. júní). *Verklýðsblaðið*, bls. 4.

Alþýðusamband Íslands. (1928). *Þingtiðindi: 8. sambandsþing*.

Alþýðusamband Íslands. (1935). *Þingtiðindi: 12. sambandsþing*.

Andri leigður. (1931, 8. október). *Morgunblaðið*, bls. 4.

Einar Bragi Sigurðsson. (1983). *Verkalýðshreyfingin: Saga Árvaks 1914–1964 og Framtíðar 1918–1971*. Eskja, sögurit Eskfirðinga IV. Byggðarsögufund Eskifjarðar.

Einar Bragi Sigurðsson. (1973). *Pöntunarfélag Eskfirðinga 40 ára*. [Pöntunarfélag Eskfirðinga].

Fisksalan: Nefndartillaga (1932). *Ægir: Mánaðarrit Fiskifélags Íslands* 25(1), 39.

Frá Eskifirði: Hungursneyð yfirvofandi. (1935, 19. júní). *Verkamaðurinn*, bls. 1.

Friðrik Steinsson. (1932). Sjávarútvegur Austfirðinga 1931. *Ægir: Mánaðarrit Fiskifélags Íslands* 25(4), 95–102.

Friðrik Steinsson. (1935). Skýrsla erindreka í Austfirðingafjórðungi fyrir októberm. til áramóta og ársyfirlit. *Ægir: Mánaðarrit Fiskifélags Íslands* 28(2), 38–42.

Guðmundur Guðmundsson. (1927, 28. janúar). „Ellefu krof á einni rá.“ *Skutull*, bls. 2.

Helgi Skúli Kjartansson. (2004). Haglægðin langa í Íslandssögu 20. aldar. Í Sigríður Stefánsdóttir, Kristján Kristjánsson og Jón Hjaltason (ritstjórar). *Afmæliskveðja til Háskóla Íslands* (bls. 175–186). Hólar.

Helgi Skúli Kjartansson. (1987). Samvinnuútgærð í Reykjavík og Hafnarfirði. *Sjómannaðagsblaðið*, 50(1), 40–44.

Hermann Þorsteinsson. (1930). Skýrsla erindreka Austfirðingafjórðungs frá 1. okt. til 31. des. 1929. *Ægir: Mánaðarrit Fiskifélags Íslands* 23(2), 45–47.

Hf. Andri á Eskifirði: Tímamót. (1928, 4. júlí). *Vikuútgáfa Alþýðublaðsins*, bls. 2–4.

Hjálmar Kjartansson. (1993, 16. janúar). Minning: Arnþór Jensen fyrrv. Pöntunarfélagsstjóri. *Morgunblaðið*, bls. 28.

Hreinn Ragnarsson og Hjörtur Gíslason. (2007). Markaðsmál íslenskrar saltsildar. Í *Silfur hafsins, gull Íslands: Síldarsaga Íslendinga* (III, bls. 1–40). Nesútgáfan.

Jóhannes Nordal. (2002). Mótun peningakerfisins fyrir og eftir 1930. Í Jónas H. Haralz (ritstjóri), *Frá kreppu til viðreisnar: Þættir um hagstjórn á Íslandi á árunum 1930–1960* (bls. 41–79). Hið ísl. bókmenntafélag.

Jón Ívarsson. (1973, 3. ágúst). Þorgils Ingvarsson, fyrrv. bankaútbússtjóri og bankafulltrúi. *Íslendingaþættir Timans*, bls. 1–3.

Kosningarnar. (1934, 10. júní). *Eskfirðingur*, bls. 1.

Kristján Bergsson. (1932). Sjávarútvegurinn 1931. *Ægir: Mánaðarrit Fiskifélags Íslands* 25(1), 1–23.

Kristján Jóhannsson. (1993, 10. júlí). Aldarminning: Kristján Kristjánsson skipstjóri. *Morgunblaðið*, bls. 14.

- Ólafur H. Sveinsson og Arnfinnur Jónsson. (1933, 25, 26., 27. og 31. janúar). *Alþýðublaðið*, bls. 3, 4, 4 og 4.
„Ráðsstjórn“ á Eskifirði: „Bylting“ kommúnista byrjuð þar (1935, 14. júní). *Morgunblaðið*, bls. 5.
Sendinefnd frá Eskifirði. (1936, 14. febrúar). *Verklýðsblaðið*, bls. 1.
Sendinefnd frá Eskifirði er stödd hér í bænum. (1936, 14. febrúar). *Alþýðublaðið*, bls. 3.
Skiptahafnir taka togara á leigu. (1931) *Ægir: Mánaðarrit Fiskifélags Íslands* 24(10), 208.
Smári Geirsson. (1983). *Norðfjörður: Saga útgerðar og fiskvinnslu*. SÚN og Síldarvinnslan.
Smári Geirsson. (1991). Fyrsta austfirska togaraútgerðin: Sagan um Andrafélagið á Eskifirði og togarann Andra. *Sjómannadagsblað Neskaupstaðar*, 14(1), 41–52.
Sveinn Sæmundsson. (1973). *Upp með Símon kjaft: Frásagnir af íslenskum sjómönnum*. Setberg.
Togari og fiskverkunarstöð til sölu. (1932, 18. september). *Morgunblaðið*, bls. 7.
Þingskjal nr. 98/1933. Frumvarp til laga um greiðslu vixilskulda á Austfjörðum vegna Síldareinkasölu Íslands 1931.

Um höfund

HELGI SKÚLI KJARTANSSON (helgisk@hi.is) er fyrrverandi prófessor í sagnfræði við Mennta-
vísindasvið Háskóla Íslands. Hann er cand.mag. í sögu Íslands frá sama skóla 1976.